

Kennari:
Brynja Stefánsdóttir

Kennslufyrirkomulag:
Kennsla í náttúrufræðistofu

Tímafjöldi:
6 kennslustundir

Bekkur:
5. og 6. bekkur

Vísindi og tækni

Vísinda- og tæknismiðja tengist saman verklega vinnu náttúrugreina og hina ýmsu tækni. Tenging á milli þessara þátta er nær en oft er talið.

Nemendur þurfa að átta sig annars vegar á að þekking verður ekki eingöngu byggð á beinum athugunum heldur líka á upplifun, ímyndunarafli og sköpun og hins vegar, að vísindaleg þekking er aldrei algild, endanleg eða óbyggjandi. Nemandi þarf að fá tækifæri til að upplifa, skoða náttúruna og tækni og læra að veita athygli, afla, vinna úr og miðla upplýsingum úr heimildum og athugunum en jafnframt að treysta á forvitni sína, til að þetta takist.

Áhersla er lögð á að nemendur geti farið eftir einföldum leiðbeiningum við vísindaleg vinnubrögð ásamt því að kynnast hinum margbreytilega heimi tækninnar. Einnig er áhersla lögð á færni nemenda til að vinna saman við að leysa þrautir tengdar forritun og efla lausnarmiðun í tengslum við forritun.

Vísindi og tæknismiðja

Námspættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Ipad Fartölvur VR Þjarkar	Scratch Code.org Efni frá kennara	– tekið þátt í umræðum – framkvæmt einfaldar athuganir og tilraunir – sagt frá einföldum athugunum og tilraunum	Innlögn
Þjarkar	Makey makey	– unnið eftir vísindalegum vinnubrögðum í skýrslugerð	Sýnikennsla
Vísindaleg vinnubrögð	Osmo bolt	– rætt og sagt frá tækni sem hefur áhrif á líf okkar	Sjálfstæð vinna
Líffræði	Osmo	– notað einfaldar skipanir til kóðunar	Hópavinna
Efnafræði	Kóðunarleikir	– sagt frá tilgangi vísindalegra vinnubragða	Kennslu-myndbönd
Eðlisfræði	Beebot	– sýni kurteisi og virðingu í samskiptum	
Ýmsar tilraunir	Dash	– farið eftir fyrirmælum	
Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		